

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 6/97  
frá 28. febrúar 1997**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 96/35/EB frá 3. júní 1996 um tilnefningu og starfsmenntun og hæfi öryggisráðgjafa við flutninga á hættulegum farmi á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi fyrirsögn og liður komi aftan við 13. lið (tilskipun ráðsins 92/106/EBE) í XIII. viðauka við samninginn:

„(vii) Tæknileg samhæfing og öryggi

13a. 396 L 0035: Tilskipun ráðsins 96/35/EB frá 3. júní 1996 um tilnefningu og starfsmenntun og hæfi öryggisráðgjafa við flutninga á hættulegum farmi á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum (Stjttíð. EB nr. L 145, 19. 6. 1996, bls. 10).”.

---

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 145, 19. 6. 1996, bls. 10.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 96/35/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. febrúar 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

G.J.L. Avery

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner